

Ný vinnubrögð við nýja plötu Sálarinnar

– hrárri og rokkaðri en nokkru sinni fyrr, segir Guðmundur Jónsson

Nýja platan með Sálinni hans Jóns míns hljómar öðruvísi en aðrar plötur hljómsveitarinnar. Ástæðan er sú að allt öðruvísi var gengið til verks en áður. Platan kom út á fimmtudag og nú bíða sexmenningarnir í Sálinni spenntir eftir viðbrögðum hlustenda.

„Við tókum vissa áhættu með því að koma með allt öðruvísi plötu en hingað til,“ segir Guðmundur Jónsson gítarleikari. „En við vorum einhuga um að taka öðruvísi á hlutunum – eyða ekki fleiri mánuðum í hljóðveri heldur ganga markvisst til verks og vera snöggir. Við vorum í fjóra mánuði að ganga frá plötunni sem kom út fyrir síðustu jól. Að þessu sinni vorum við þrettán daga í stúdíói. Það tók sex daga að hljóðrita lögin og sjö dagar fóru í hljóðblöndun.“

Guðmundur hefur hingað til verið helsti lagahöfundur Sálarinnar. Að þessu sinni eru lögin samín í sameiningu. Hljómsveitin byrjaði að æfa og semja í júní síðastliðnum og eftir langar og strangar æfingar í bland við spilamennsku á dansleikjum um allt land lágu lögin fyrir. Þrettán þeirra voru hljóðrituð.

„Þetta er miklu meira rokk en við höfum verið með hingað til. Gítarar og trommur hljóma mun sterkar en áður og spilið er allt mjög gróft,“ segir Guðmundur. „Textarnir eru meira að segja talsvert opinskárrí en hingað til. Stefán Hilmarsson semur tæpan helming þeirra en ég, Friðrik Sturluson og Birgir Bragason skiptum hinum með okkur. Við renndum blint í sjóinn þegar við ákváðum að hafa plötuna svona. Við fengum þrýðilegan upptökumann frá Los



Guðmundur Jónsson gítarleikari: Möguleikinn fyrir nýjum vinnubrögðum var ekki fyrir hendi fyrr en nú. DV-myndir RaSi

Angeles, Eric Zabler, til að vinna með okkur og hann á sinn þátt í útkomunni. Fyrir nokkrum dögum kynntum við efnið fyrir völdum hópi manna. Viðtökurnar voru svo jákvæðar að okkur létti verulega!“

Guðmundur Jónsson segir að grundvöllur fyrir þessum nýju vinnubrögðum í Sálinni hans Jóns míns hafi ekki verið fyrir hendi fyrr en nú. Mannabreytingar hafa ætíð verið talsverðar í hljómsveitinni en nú hefur sami hópurinn spilað saman í næstum tvö ár. Hann hefur sent frá sér þrjár stórar plötur og átt lög



Stefán Hilmarsson á meirihluta textanna á nýju plötunni. Þeir eru opinskárrí en nokkru sinni fyrr.

á fjölda annarra, til dæmis tveimur kvikmyndaplötum sem komu út í haust. Jafnframt hefur hljómsveitin stöðugt leikið á hljómleikum og dansleikjum.

„Nú er líka komið nóg í bili,“ segir Guðmundur. „Við höldum áfram sem hingað til fram í mars. Þá ætlum við að fara í frí. Langt frí. Ég veit ekkert hvenær við komum saman aftur. Tveir okkar eru að fara í skóla og ýmis verkefni bíða hinna. Ég er ekki að segja að við ætlum að hætta en framtíðin er með öllu óljós.“